

Nr. 077 / 10 Gunni litli HF 44**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 9048
Smíðaður: Frakklandi 1984 plast
Stærð: 4,57 brl. 4,79 bt.
Mesta lengd: 9 m Skráð lengd: 7,99 m
Breidd: 2,42 m Dýpt: 1,26 m
Vél: Vetus 147 kW 1991
Fjöldi skipverja: 2

Gögn:
Gögn RNS



Gunni litli©Emil Páll Jónsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 9. júní 2010 var Gunni litli HF 44 á handfæraveiðum í Húllinu (Reykjanesröst).
Veður: Logn

Vélin stöðvaðist og þrátt fyrir að hreinsaðar höfðu verið síur náðist olían ekki að vélinni sökum stíflu í olíurörinu. Skipstjóri bað um aðstoð og kom björgunarskipið Oddur V. Gíslason og dró Gunna litla HF ásamt Guðmundi rauða RE 37 til Grindavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að eftir að í höfn var komið voru tekin sýni úr tanknum og einnig voru tekin sýni úr birgðatank N1 í Sandgerði. Niðurstöður rannsóknar hjá Fjölveri rannsóknarstofu eru eftirfarandi:
 - ✓ Úr tanka Gunna litla HF var 6,7% botnfall vatns og óhreininda. Klóríð prófun var magn í mgCl/L 61,6%. bakteríur 10^4 . gerlar 10^3 . sveppir 0.
 - ✓ Af botni afgreiðslutanksins leiddi sjónskoðun í ljós að olían var tær og með eðlilegum lit. Ekkert klóríð mældist en bakteríur voru $<10^3$. gerlar $<10^3$ og sveppir 0.
 - ✓ Úr afgreiðslubyssunni reyndist olían óaðfinnanleg.

- að tankurinn var hreinsaður eftir að sýni höfðu verið tekin og að sögn eiganda voru mikil óhreinindi í honum. Þá höfðu leifar af pakkningarefni lekið niður í tankinn undan mannopinu;
- að eigendur sögðust hafa hreinsað tankinn um hálfum mánuði áður og sett nýja Racor-skilju á soglögna. Annar sagðist ekki geta fullyrt hversu vel það hafi verið gert en sagði að tankurinn hafi verið tómur og enginn sjór í honum;
- fram kom hjá eigendum að það hafi verið tekin olía í Hafnarfirði áður en farið var með bátinn til Sandgerðis.

Nefndarálit:

Orsök atviksins má rekja til þess að sjór komst í tankinn og myndaði örverugróður.